




Farsæld barna
janúar til apríl 2026
Yfirlit yfir fjölda mála

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Skil á skráningu	4
Fjöldi mála í vinnslu	5
Fjöldi mála í vinnslu eftir landshlutum	5
Hlutfall barna í samþættingu þjónustu eftir landshlutum	6
Fjöldi nýrra beiðna um samþættingu þjónustu	7
Fjöldi nýrra beiðna um samþættingu þjónustu eftir landshlutum	8
Kynjaskipting barna í nýjum beiðnum um samþættingu þjónustu	9
Uppruni barna í beiðnum um samþættingu þjónustu	9
Málum vísað til tengiliðar/málstjóra farsældar	10
Listi yfir sveitarfélög	10

Töfluyfirlit

Tafla 1. Fjöldi mála í samþættingu þjónustu við lok apríl 2025 og 2026, eftir tengiliðum og málstjórum	5
Tafla 2. Fjöldi mála í samþættingu þjónustu við lok apríl 2025 og 2026 eftir landshlutum	6
Tafla 3. Fjöldi nýrra beiðna um samþættingu þjónustu eftir staðsetningu tengiliða/málstjóra (hlutfall)	7
Tafla 4 Fjöldi nýrra beiðna um samþættingu þjónustu eftir landshlutum	8
Tafla 5. Kynjaskiptin barna í beiðnum um samþættingu þjónustu	9
Tafla 6. Uppruni barna í beiðnum um samþættingu þjónustu	10
Tafla 7. Málum vísað til tengiliðar/málstjóra farsældar	10

Myndayfirlit

Mynd 1. Skil á skráningu eftir tengiliðum og málstjórum sem hlutfall af heildarfjölda sveitarfélaga/ framhaldsskóla/heilsugæslustöðva	4
Mynd 2. Fjöldi mála í samþættingu þjónustu við lok apríl 2025 og 2026 (hlutfall), eftir tengiliðum og málstjórum	5
Mynd 3. Fjöldi mála í samþættingu þjónustu við lok apríl 2025 og 2026 eftir landshluta (hlutfall)	6
Mynd 4. Hlutfall barna í samþættingu þjónustu af heildarfjölda barna sem býr í landshlutanum	7
Mynd 5. Fjöldi nýrra beiðna um samþættingu þjónustu eftir staðsetningu tengiliða/málstjóra (hlutfall)	8
Mynd 6. Fjöldi nýrra beiðna um samþættingu þjónustu eftir landshlutum (hlutfall)	9

Inngangur

Þann 1. janúar 2022 tóku í gildi lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, nr. 86/2021, almennt kölluð *farsældarlög*. Markmiðið með farsældarlögunum er að bæta enn frekar þjónustu við börn og fjölskyldur svo þau fái notið þeirrar aðstoðar sem þau eiga rétt á og er við hæfi um leið og þess gerist þörf. Börn og foreldrar þeirra skulu hafa aðgang að tengilið farsældar í heilsugæslu, leik-, grunn- eða framhaldsskóla, félagsþjónustu eða barnavernd. Þar geta þau fengið aðstoð við að sækja viðeigandi þjónustu, án hindrana, á öllum þjónustustigum. Í flóknari málum hafa börn og foreldrar aðgang að málstjóra farsældar hjá félagsþjónustu eða þar sem þarfir barns liggja hverju sinni. Hér er um að ræða boð um samþættingu þjónustu fyrir foreldra og börn óski þau þess. Samþætting kemur ekki í veg fyrir að foreldrar sækji sjálfir þjónustu fyrir börn sín heldur er tilgangurinn að börn og fjölskyldur falli ekki á milli kerfa og séu ekki send á milli þjónustuaðila innan sveitarfélaga og ríkisstofnana. Markmiðið er að sem flest börn fái viðeigandi þjónustu á 1. stigi og að þjónusta þess stigs sé það öflug að færri börn þurfi þá umfangsmiklu þjónustu sem á sér stað á 2. og 3. stigi. Nánar má lesa um stigskiptingu þjónustu [hér](#).

Barna- og fjölskyldustofa birtir nú tölur um fjölda mála í samþættri þjónustu hjá tengiliðum farsældar í heilsugæslu, í leik- grunn- og framhaldsskólum, hjá félagsþjónustu og hjá málstjórum farsældar í félagsþjónustu og barnavernd fyrir fyrstu fjóra mánuði ársins 2026 með samanburði við fyrstu fjóra mánuði ársins 2025. Hér um að ræða upplýsingar um nýjar beiðnir um samþættingu þjónustu á tímabilinu og um fjölda mála sem voru í vinnslu í lok apríl 2025 og 2026. Þessum upplýsingum er safnað þrisvar á ári. Upplýsingar um skráningu á árinu 2025 má nálgast [hér](#). Eins og fram hefur komið þá mun Barna- og fjölskyldustofa safna upplýsingum um mál í samþættri þjónustu þrisvar á ári. Mikilvægt er að fylgjast með þróuninni og um leið og stutt er við innleiðinguna á farsældarlögunum. Við þökkum öllum þeim sem hafa aðstoðað við söfnun þessara upplýsinga og skilað til Barna- og fjölskyldustofu.

Helstu niðurstöður

Flest sveitarfélög skiluðu inn skráningu fyrir fyrstu fjóra mánuði ársins 2026, þó var ekki í öllum tilvikum skilað inn allri skráningu frá sveitarfélögunum, það er upplýsingum frá öllum tengiliðum farsældar í leikskólum, grunnskólum og félagsþjónustu og málstjórum farsældar í félagsþjónustu og barnavernd hjá sveitarfélaginu. Heldur færri sveitarfélög skiluðu skráningu fyrir tímabilið janúar til apríl 2026, en fyrir sama tímabil árið á undan. Þó fjölgaði sveitarfélögum sem skiluðu skráningu frá tengiliðum í félagsþjónustu og einnig fjölgaði lítilla skráningum frá málstjórum í félagsþjónustu. Skil frá tengiliðum farsældar í heilsugæslu og í framhaldsskólum voru minni á árinu 2026 en á árinu 2025.

Í lok apríl 2026 voru 6.112 mál í samþættingu þjónustu samanborið við 4.669 mál á sama tímabili árið á undan miðað við þau skil sem bárust. Fjöldi nýrra beiðna um samþættingu þjónustu á tímabilinu var 1.191 beiðni samanborið við 1.324 beiðnir fyrir sama tímabil árið á undan. Hlutfall barna á Íslandi á grunnskólaaldri er 56% og því má reikna með að flestir foreldrar/börn leiti fyrst til tengiliðar í grunnskóla. Þetta má sjá á því að flest mál á fyrstu fjórum mánuðum ársins 2026 voru hjá tengiliðum í grunnskólum eða rúmlega 46% en þar á eftir hjá málstjórum í félagsþjónustu eða rúmlega 27% mála. Tæplega 47% nýrra beiðna um samþættingu þjónustu á tímabilinu komu til tengiliða farsældar í

grunnskólum, þar á eftir til málstjóra í félagsþjónustu og til tengiliða í leikskólum. Skipting mála eftir staðsetningu málanna er svipuð bæði árin, en langflest mál eru til vinnslu á höfuðborgarsvæðinu þar sem 64% barna á Íslandi búa. Flestar nýjar beiðnir um samþættingu þjónustu voru sömuleiðis á höfuðborgarsvæðinu. Oftar var óskað eftir samþættingu þjónustu fyrir stráka en fyrir stelpur og stálp og var hlutfall barna af erlendum uppruna 20,8% á tímabilinu janúar til apríl 2026 samanborið við 29,7% fyrir sama tímabil árið á undan.


Skil á skráningu

Hér er um nýlega skráningu að ræða frá sveitarfélögum, heilsugæslu og framhaldsskólum sem Barna- og fjölskyldustofa safnar þrisvar á ári. Sveitarfélögin skila upplýsingum um tengiliði í leik- og grunnskólum, tengiliði í félagsþjónustu og málstjóra í félagsþjónustu og barnavernd. Hafa þarf í huga í ljósi þess þá getur verið misræmi á túlkun á skráningunni, en Barna- og fjölskyldustofa hefur leitast við að leiðbeina þeim sem sjá um skráningu í farsæld barna eftir bestu getu til að tryggja sem réttasta skráningu. Leiðbeiningar hafa verið gefnar út fyrir sveitarfélög, heilsugæslu og framhaldsskóla sem sjá má [hér](#). Ekki eru leikskólar eða grunnskólar í öllum sveitarfélögum og er tekið tillit til þess í útreikningum.

Á mynd 1 má sjá að fyrir fyrstu fjóra mánuði ársins 2026 skiluðu 97% sveitarfélaga skráningu fyrir málstjóra í félagsþjónustu og um 91% sveitarfélaga skiluðu skráningu fyrir málstjóra í barnavernd.

Um og undir 90% sveitarfélaga skiluðu skráningu fyrir tengiliði í grunnskólum og leikskólum.

Sveitarfélögin skiluðu síður skráningu fyrir tengiliði í félagsþjónustu, eða 72% þeirra, sem er þó aukning miðað við sama tímabil árið á undan. Um þrír af hverjum fjórum framhaldsskólaum skiluðu skráningu en lökust voru skilin frá heilsugæslustöðvunum þar sem 59% þeirra skilaði skráningu fyrir tímabilið.




Mynd 1. Skil á skráningu eftir tengiliðum og málstjórum sem hlutfall af heildarfjölda sveitarfélaga/ framhaldsskóla/heilsugæslustöðva

Fjöldi mála í vinnslu

Í lok apríl 2026 voru 6.112 mál í samþættingu þjónustu samanborið við 4.669 mál á sama tímabili árið á undan. Í töflu 1 og á mynd 2 má sjá að flest mál á árinu 2026 voru hjá tengiliðum í grunnskólum, eða rúmlega 46%, en þar á eftir hjá málstjórum í félagsþjónustu eða rúmlega 27% mála.

Tafla 1. Fjöldi mála í samþættingu þjónustu við lok apríl 2025 og 2026, eftir tengiliðum og málstjórum

	Janúar-apríl 2025	Hlutfall	Janúar-apríl 2026	Hlutfall
Tengiliður í félagsþjónustu	12	0,3	58	0,9
Tengiliður á heilsugæslu	30	0,6	31	0,5
Tengiliður á leikskóla	694	14,9	881	14,4
Tengiliður í grunnskóla	1.887	40,4	2.827	46,3
Tengiliður í framhaldsskóla	153	3,3	151	2,5
Málstjóri í félagsþjónustu	1.500	32,1	1.671	27,3
Málstjóri í barnavernd	393	8,4	493	8,1
Samtals	4.669	100	6.112	100



Mynd 2. Fjöldi mála í samþættingu þjónustu við lok apríl 2025 og 2026 (hlutfall), eftir tengiliðum og málstjórum


Fjöldi mála í vinnslu eftir landshlutum

Í töflu 2 og á mynd 3 má sjá hvernig mál í samþættingu þjónustu í lok apríl 2025 og 2026 skiptust eftir landshlutum. Fjölda sveitarfélaga á bak við hvern landshluta má sjá í sviga fyrir aftan heiti og nánari upplýsingar eru aftast í skýrslunni. Hafa þarf í huga að mál í samþættri þjónustu eru ekki öll

hjá sveitarfélögunum, þau eru einnig í framhaldsskólum og í heilsugæslu (sjá töflu 1). Flest mál voru í samþættingu þjónustu á höfuðborgarsvæðinu þar sem um 64% barna á Íslandi búa.

Tafla 2. Fjöldi mála í samþættingu þjónustu við lok apríl 2025 og 2026 eftir landshlutum


Landshlutar	Janúar-apríl 2025	Hlutfall	Janúar-apríl 2026	Hlutfall
Sveitarfélög á Höfuðborgarsvæðinu (7)	2.481	53,1	3.442	56,3
Sveitarfélög á Suðurnesjum (4)	124	2,7	232	3,8
Sveitarfélög á Suðurlandi (15)	648	13,9	806	13,2
Sveitarfélög á Austurlandi (4)	116	2,5	242	4,0
Sveitarfélög á Norðurlandi eystra (11)	567	12,1	523	8,6
Sveitarfélög á Norðurlandi vestra (4)	137	2,9	124	2,0
Sveitarfélög á Vestfjörðum (8)	120	2,6	168	2,7
Sveitarfélög á Vesturlandi (9)	293	6,3	393	6,4
Heilsugæsla	30	0,6	31	0,5
Framhaldsskólar	153	3,3	151	2,5
Samtals	4.669	100	6.112	100



Mynd 3. Fjöldi mála í samþættingu þjónustu við lok apríl 2025 og 2026 eftir landshluta (hlutfall)

Hlutfall barna í samþættingu þjónustu eftir landshlutum

Á mynd 4 má sjá fjölda barna í samþættingu þjónustu í lok apríl 2026 sem hlutfall af heildarfjölda barna sem býr í landshlutanum. Hafa þarf í huga þegar þessar tölur eru skoðaðar að mál í samþættri þjónustu eru ekki öll hjá sveitarfélögunum, þau eru einnig í framhaldsskólum og í heilsugæslu (sjá töflu 1).




Mynd 4. Hlutfall barna í samþættingu þjónustu af heildarfjölda barna sem býr í landshlutanum

Fjöldi nýrra beiðna um samþættingu þjónustu

Foreldrar og/eða barn geta óskað eftir samþættingu þjónustu með því að leita til tengiliðar farsældar eða málstjóra farsældar. Heldur færri beiðnir bárust á fyrstu fjórum mánuðum ársins 2026 samanborið við sama tímabil árið á undan (sjá töflu 3 og mynd 5). Hlutfall barna á Íslandi á grunnskólaaldri er 56% og því má reikna með að flestir foreldrar/börn leiti fyrst til tengiliðar í grunnskóla. Þetta má sjá í því að oftast bárust nýjar beiðnir um samþættingu þjónustu hjá til tengiliða farsældar í grunnskóla eða í tæplega 47% tilvika síðan hjá málstjórum í félagsþjónustu og tengiliðum í leikskólum.

Tafla 3. Fjöldi nýrra beiðna um samþættingu þjónustu eftir staðsetningu tengiliða/málstjóra (hlutfall)

	Janúar til apríl 2025	Hlutfall	Janúar til apríl 2026	Hlutfall
Tengiliður í félagsþjónustu	3	0,2	11	0,9
Tengiliður á heilsugæslu	25	1,9	36	3,0
Tengiliður á leikskóla	266	20,1	230	19,3
Tengiliður í grunnskóla	649	49,0	557	46,8
Tengiliður í framhaldsskóla	25	1,9	27	2,3
Málstjóri í félagsþjónustu	261	19,7	252	21,2
Málstjóri í barnavernd	95	7,2	78	6,5
Samtals	1.324	100	1,191	100




Mynd 5. Fjöldi nýrra beiðna um samþættingu þjónustu eftir staðsetningu tengiliða/málstjóra (hlutfall)

Fjöldi nýrra beiðna um samþættingu þjónustu eftir landshlutum

Í töflu 4 og á mynd 6 má sjá að flestar nýjar beiðnir frá foreldrum/barni um samþættingu þjónustu bárust til sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu þar sem flest börn búa. Fjöldi sveitarfélaga á bak við svæðaskiptinguna má sjá í sviga fyrir aftan heiti á svæði. Hafa þarf í huga að mál í samþættri þjónustu eru ekki öll hjá sveitarfélögum, þau eru einnig í framhaldsskólum og í heilsugæslu (sjá töflu 3).

Tafla 4 Fjöldi nýrra beiðna um samþættingu þjónustu eftir landshlutum

Landshlutar	Janúar-apríl 2025	Hlutfall	Janúar-apríl 2026	Hlutfall
Sveitarfélög á Höfuðborgarsvæðinu (7)	780	58,9	572	48,0
Sveitarfélög á Suðurnesjum (4)	38	2,9	93	7,8
Sveitarfélög á Suðurlandi (15)	116	8,8	153	12,8
Sveitarfélög á Austurlandi (4)	38	2,9	64	5,4
Sveitarfélög á Norðurlandi eystra (11)	178	13,4	115	9,7
Sveitarfélög á Norðurlandi vestra (4)	35	2,6	9	0,8
Sveitarfélög á Vestfjörðum (8)	29	2,2	39	3,3
Sveitarfélög á Vesturlandi (9)	60	4,5	83	7,0
Heilsugæsla	25	1,9	36	3,0
Framhaldsskólar	25	1,9	27	2,3
Samtals	1.324	100	1.191	100



Mynd 6. Fjöldi nýrra beiðna um samþættingu þjónustu eftir landshlutum (hlutfall)

Kynjaskipting barna í nýjum beiðnum um samþættingu þjónustu

Oftar var óskað eftir samþættingu þjónustu fyrir stráka en stelpur eins og fram kemur í töflu 5. Afar sjaldan var óskað eftir þjónustunni fyrir ófædd börn eða stálp.

Tafla 5. Kynjaskiptin barna í beiðnum um samþættingu þjónustu

	Janúar til apríl 2025	Hutfall	Janúar til apríl 2025	Hutfall
Strákar	799	60,3	671	56,3
Stelpur	523	39,5	514	43,2
Ófædd börn/ stálp	2	0,2	6	0,5
Samtals	1.324	100	1.191	100

Uppruni barna í beiðnum um samþættingu þjónustu

Í töflu 6 má sjá skiptingu beiðna um samþættingu þjónustu eftir því hvort börn séu af erlendum uppruna eða ekki. Þar kemur fram að í nýjum beiðnum um samþættingu þjónustu var hlutfall barna af erlendum uppruna 20,8% á tímabilinu janúar til apríl 2026 samanborið við 29,7% fyrir sama tímabil árið á undan. Börn af erlendum uppruna (innflytjendur, önnur kynslóð innflytjenda eða börn þar sem annað foreldrið er erlent) voru 27,5% barna á Íslandi við upphaf árs 2025 og 28,1% við upphaf árs 2026 samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands. Í ljós hefur komið að í sumum tilvikum við skil á skráningu hafa börn aðeins verið skráð með erlendan bakgrunn ef þau eru með erlent ríkisfang,

en það samræmist ekki fyllilega skilgreiningunni hér. Þar af leiðandi má draga þá ályktun að fjöldi barna af erlendum uppruna séu fleiri en þessar tölur gefa til kynna.

Tafla 6. Uppruni barna í beiðnum um samþættingu þjónustu

	Janúar til apríl 2025	Hutfall	Janúar til apríl 2025	Hutfall
Börn af erlendum uppruna	393	29,7	248	20,8
Börn ekki af erlendum uppruna	931	70,3	943	79,2
Samtals	1.324	100	1.191	100

Málum vísað til tengiliðar/málstjóra farsældar

Markmiðið er að sem flest börn fái viðeigandi þjónustu á 1. stigi og að þjónusta þess stigs sé það öflug að færri börn þurfi þá umfangsmiklu þjónustu sem á sér stað á 2. og 3. þjónustustigi. Á fyrstu fjórum mánuðum ársins 2026 vísuðu tengiliðir farsældar alls 407 málum til málstjóra farsældar, samanborið við 279 mál á sama tímabil árið á undan (sjá í töflu 7). Um er að ræða mál þar sem metið var að barnið og fjölskyldan þurfi frekari stuðning á 2. eða 3. þjónustustigi. Á fyrstu fjórum mánuðum ársins 2026 vísuðu hins vegar málstjórar farsældar 91 máli til tengiliða farsældar, samanborið við 117 mál á sama tímabili árið á undan. Nánar má lesa um stigskiptingu þjónustu [hér](#).

Tafla 7. Málum vísað til tengiliðar/málstjóra farsældar

	Janúar til apríl 2025	Hutfall	Janúar til apríl 2025	Hutfall
Tengiliður vísar máli til málstjóra	279	70,5	407	81,7
Málstjóri vísar máli til tengiliðar	117	29,5	91	18,3
Samtals	396	100	498	100

Listi yfir sveitarfélög

Höfuðborgarsvæðið: Reykjavíkurborg, Kópavogsbær, Hafnarfjarðarkaupstaður, Garðabær, Seltjarnesbær, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Suðurnes: Rekjanesbær, Suðurnesjabær, Sveitarfélagið Vogar og Grindavíkurbær.

Suðurland: Grímsnes- og Grafningshreppur, Bláskógabyggð, Hrunamannahreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Hveragerðisbær, Sveitarfélagið Ölfus, Sveitarfélagið Árborg, Flóahreppur, Ásahreppur, Rangárþing ytra, Rangárþing eystra, Skaftárhreppur, Mýrdalshreppur, Vestmannaeyjar og Sveitarfélagið Hornafjörður.

Vesturland: Akraneskaupstaður, Borgarbyggð, Dalabyggð, Eyja- og Miklaholtshreppur, Grundarfjarðarbær, Hvalfjarðarsveit, Skorradalshreppur, Snæfellsbær og Sveitarfélagið Stykkishólmur.

Vestfirðir: Árneshreppur, Bolungarvíkurkaupstaður, Ísafjarðarbær, Kaldrananeshreppur, Reykhólahreppur, Strandabyggð, Súðavíkurhreppur og Vesturbyggð.

Norðurland eystra: Langesbyggð, Þingeyjarsveit, Norðurþing, Grýtubakkahreppur, Svalbarðsstrandahreppur, Eyjafjarðarsveit, Akureyrarbær, Hörgársveit, Dalvíkurbyggð, Tjörneshreppur og Fjallabyggð.

Norðurland vestra: Húnaþing vestra, Húnabyggð, Sveitarfélagið Skagaströnd og Skagafjörður.

Austurland: Fjarðabyggð, Fljótsdalshreppur, Múlaþing og Vopnafjarðahreppur.